



Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2025  
USK25030006

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 5. mars 2025 varðandi eftirfarandi mál:

**Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Háspennulagnir í jörðu, styrking stofnkerfis raforku - Jarðstrengslagnir - Nýjar lagnaleiðir (132kV) í Laugardal**

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna lagningar háspennulagna í jörðu, nýjar lagnaleiðir (132 kV) í Laugardal. Óveruleg breyting á aðalskipulagi. Breyting þessi er talin vera óveruleg, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga (sjá rökstuðning í kafla 2) og fer því ekki í opið kynningarferli.

Samþykkt skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða*  
*Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: Aðalskipulag Reykjavíkur, háspennulagnir í jörðu, styrking kerfis

# AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2040

## Háspennulagnir í jörðu Styrking kerfis

Nýjar lagnaleiðir (132 kV) í Laugardal

### Tillaga

Óveruleg breyting á aðalskipulagi,  
skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslag nr. 123/2010

Mars 2025



**Samþykktar og staðfestingarferli**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem lögð var fram skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010  
var samþykkt í borgarráði þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

---

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar  
þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

---

1. Inngangur .....	5
2. Óveruleg breyting. Rökstuðningur og áhrif breytingar .....	6
2. Markmið og tilgangur breytingar .....	7
3. Megin forsendur, umhverfisáhrif og gildandi ákvæði .....	8
3.1 Ágrip af lýsingu áformaðra framkvæmda.....	9
4. Breytingartillaga .....	11
Viðauki 1. Minnisblað frá Veitum Aðveitustöð A13 við Sægarða 1 - Lýsing á framkvæmd .....	14
Viðauki 2. Áfangaskipting og tímalína framkvæmda.....	21

Breytingartillaga sú sem hér er lögð fram, felur í sér heimild til lagningar nýrra háspennustrengja í jörðu (132kV) í Laugardalshverfi, sem fyrirhugað er að tengja við nýja aðveitustöð í Sundahöfn, við Sægarða 1. Markmiðið er að styrkja núverandi kerfi stofnlagna og auka afhendingaöryggi. Breyting þessi er talin vera óveruleg, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga (sjá rökstuðning í kafla 2) og fer því ekki í opið kynningarferli.

## 1. Inngangur

Með tillögu þessari (sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR040) varðandi nýjar háspennulagnir (132 kV) sem miða að því að styrkja stofnlagnakerfi rafveitu innan þéttbýlis borgarinnar, vestan Elliðaá (sjá mynd 1).

Veitur ohf. (dótturfyrirtæki Orkuveitunnar, áður Orkuveita Reykjavíkur) sjá um rekstur stofn- og dreifikerfis rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í Reykjavík og að hluta til í öðrum sveitafélögum á höfuðborgarsvæðinu. Eftirspurn eftir þjónustu Veitna hefur aukist undanfarin ár og er tilefni þessarar breytingartillögu að mæta áhrifum á stofnlagnakerfi rafveitu vegna þróunar uppbyggingar og orkuskipta í samgöngum. Metnaðarfull áform eru um uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu til að mæta fyrirséðri fólksfjölgun og þar að auki eykst orkunotkun á veitusvæðum vegna orkuskipta og rafvæðingu á bíla- og skipaflotanum. Þessi þróun mun draga verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis, minnka mengun í borginni og styðja við eitt af megin markmiðum AR2040: “Að stuðla að kröftugum og sjálfbærum vexti borgar sem styður við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og samkeppnishæft, lifvænlegt, réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag (bls. 24).”

Í viðauka 10 við AR2040 kemur fram að unnið sé að hönnun nýrrar aðveisstöðvar við Sægarða 1 vegna aukins álags við Sundahöfn. Með þessari breytingartillögu sem hér er lögð fram verður sú aðveisstöð tengd inn á núverandi flutningskerfi raforku með lagningu tveggja háspennustrengja 132kV. Strengirnir verða lagðir annars vegar um tengingu við núverandi jarðstreng við gatnamót Suðurlandsbrautar og Grensásvegar, um Holtaveg og niður að Sægörðum og hins vegar frá Sægörðum, meðfram Sæbraut og tengist aðveisstöð í Borgartúni. Háspennustrengirnir verða lagðir um þróngar lagnaleiðir í götum með áfangaskiptum framkvæmdarsvæðum til að takmarka rask og ónæði.

Hér að neðan er gerð grein fyrir breytingunni, áhrifum hennar og forsendum þess að hún er talin óveruleg sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Við mat á henni var horft til minnisblaðs Veitna sem sett er fram í Viðauka 1 og enn fremur til áfangaskiptingar og tímalínu framkvæmda í Viðauka 2. Í ljósi þess að breyting þessi er talin vera óveruleg fer hún ekki í opið kynningarferli.

## 2. Óveruleg breyting. Rökstuðningur og áhrif breytingar

Sú breytingartillaga sem hér er lögð fram er talin óveruleg, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.<sup>1</sup> Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (janúar, 2016) er fjallað um túlkun þessa lagaákvæðis og hvernig beri að meta hvort breyting geti talist óveruleg. Meta þarf hvort breyting hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér, hvað varðar umfang (meira en 3 ha) og nýtingu (byggingarmagn), hvort áhrifin nái til stórs svæðis og þá til marga aðila eða hafi mikil og íþyngjandi áhrif á einstaka aðila. Ennfremur þarf að kanna hvort breyting sé ekki í takti við megin markmið aðalskipulags, sé í samræmi við aðliggjandi landnotkun, varði ekki rýrnun verndaðra svæða eða valdi ekki neikvæðum umhverfisáhrifum (s.s. ónæði og mengun), í nærliggjandi byggð eða fyrir einstaka aðila. Eftirfarandi var haft í huga við mat á tillögu, hvort hún teljist veruleg eða óveruleg:

- 1) Ekki er um að ræða breytingu á landnotkun.
- 2) Um neðanjarðarlögn er að ræða sem er hluti stærra kerfis sem er þegar til staðar.
- 3) Breytingin styður við markmið aðalskipulags að mæta áhrifum á stofnlagnir veitna í kjölfar uppbyggingar innviða sem kalla á aukna orkunotkun m.a. vegna orkuskipta
- 4) Breytingartillaga hefur ekki áhrif á eða rýrnun verndarsvæða – en fornleifar og menningarminjar verða kannaðar og skráðar samhliða útgáfu framkvæmdaleyfis.
- 5) Þrátt fyrir að breytingin liggi um langa leið mun hún ekki hafa áhrif á stóru svæði, þar sem unnið verður að mestu um þrónga lagnaleið (1-2 metrar að breidd) og á stuttum tíma á hverju svæði fyrir sig, eða um 50-100 m kafla (sjá viðauka 1). Umfang framkvæmdar er ekki talið verulegt þar sem áhrifin verða fyrst og fremst á tíma framkvæmdarinnar.
- 6) Á framkvæmdatíma verður rask og ónæði í nærumhverfi lagnaleiðarinnar þar sem framkvæmd leiðir til rasks á gróðri. Ef tré lenda á lagnaleið verða þau færð til.
- 7) Strengstokkar munu liggja í götu um þegar raskað land mest alla leið milli aðveitustöðva og því ekki hafa veruleg áhrif á landnotkun utan gatnakerfa. Breytingin er því ekki talin hafa íþyngjandi áhrif á einstaka aðila eða nærliggjandi byggð.

Á grundvelli þessa er talið að breytingin geti talist óveruleg og fái málsmeðferð sbr. 2. mgr. 36. gr.

<sup>1</sup> „Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á gildandi aðalskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.-32. gr. og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Fallist Skipulagsstofnun á tillögu sveitarstjórnar skal hún staðfesta tillöguna innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal hún tilkynna sveitarstjórn um það og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.“


## **2. Markmið og tilgangur breytingar**

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar við móturn breytingartillagna:

- Tengja aðveitustöð við Sægarða 1 inn á núverandi flutningskerfi Veitna
- Að styrkja núverandi stofnkerfi háspennulagna og auka afhendingaöryggi
- Að greiða fyrir orkuskiptum og draga úr kolefnisspori við uppbyggingu innviða og þannig styðja við meginmarkmið AR2040 um sjálfbæra, lífvænlega og kolefnishlutlausa borg
- Tryggja að framkvæmd valdi sem minnstu raski á einstaka aðila og nærliggjandi byggð á meðan á lagningu háspennustrengs stendur
- Gæta að gróðri, menningarminjum og lífríki við framkvæmdina, og gera grein fyrir því við útgáfu framkvæmdaleyfis

### 3. Megin forsendur, umhverfisáhrif og gildandi ákvæði

Hér að neðan má finna gildandi stefnu um háspennulagnir í AR2040.



**Mynd 1. Gildandi stefna um stofnkerfi rafveitu á vegum Orkuveitunnar (áður Orkuveit Reykjavíkur) og flutningskerfi Landsnets AR2040 sbr. mynd 16a, bls. 118. Sjá nánar um forsendur stefnu í Viðauka 10 og í B2. Skapandi borg, bls. 60–61.**

Stofn- og dreifikerfi rafveitu á vegum Orkuveitunnar er sett fram í bindandi stefnu á þéttbýlisupprætti AR2040 um háspennulínur með 132kV og hærri spennu. Breytingar á legu rafveitu sem sýnd er á mynd 2 kalla því á aðalskipulagsbreytingu. Stefna um minni háttar veitumannvirki er ekki sett fram í aðalskipulagi, en getið er um hvar þau eru almennt heimil í landnotkunarköflum, eftir því sem við á.<sup>2</sup>

Í AR2040 er fjallað er um mikilvægi þess að tryggja að helgunarsvæði háspennulínu séu virt. Í leiðbeiningum Landsnets um háspennulínur<sup>3</sup> kemur hins vegar fram að reglur um helgunarsvæði og fjarlægðarmörk fyrir háspennustrengi í jörðu eru ekki jafn skýrar og þær sem gilda fyrir háspennulínur ofanjarðar: „*Algengt viðmið er að hvorki megi grafa né byggja í eins og hálfss metra fjarlægð, sitt hvoru megin við ysta streng en það getur þó farið eftir aðstæðum á hverjum stað. Mjög mikilvægt er að fara að með gát nálægt jarðstrengjum til að fyrirbyggja slys og til að tryggja að ekki verði rekstrartruflanir á flutningskerfinu.*“ (bls. 7)

<sup>2</sup> Minni háttar veitumannvirki eru m.a. minni lagnir neðanjarðar sem ekki er gerð sérstaklega grein fyrir á þemakortum og önnur minni veitumannvirki á yfirborði sem falla vel að umhverfinu og valda ekki neikvæðum umhverfisáhrifum eða óafturkræfu raski.“ (AR2040, bls. 118)

<sup>3</sup> Landsnet (á.á.). Háspennulín – aðgát skal höfð. <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

Breyting þessi er unnin í samvinnu við Veitur og einnig samráði við Borgarsögusafn vegna skráningar menningarminja. Hvað varðar umhverfisáhrif breytingartillögu, þá eru framkvæmdir ekki taldar ógna svæðum með verndargildi, munu ekki leiða til breytingar á landnotkun eða raska á vatnakerfum eða vatnshlotum. Gæta þarf sérstakrar varúðar þar sem framkvæmdir fara út fyrir gatnasvæði, sér í lagi á opnum svæðum og útvistarsvæðum (á parti 2 og 7, sjá mynd 5, viðauka 2) en breyting mun ekki hafa áhrif á möguleika til útvistar á svæðinu til framtíðar og mun ekki hafa óafturkræf áhrif. Breytingin kemur til með að styrkja raforkuinnviði borgarinnar en leiðir ekki til aukinnar þjónustu af hálfu borgaryfirvalda.

### **3.1 Ágrip af lýsingu áformaðra framkvæmda**

Við framkvæmdir verða að mestu leyti lagðir steyptir rörastokkar (SRS) og eru háspennustrengirnir dregnir í gegnum stokkana síðar. Aðferðin er notuð til að lágmarka rask á verktíma og stytta tímann sem að gatan verður lokað/þrengd. Steyptir rörastokkar taka allt að 70% minna svæði en hefðbundinn skurður, og er skurður fyrir steypta rörastokka um 124cm á breidd og 65cm á dýpt. Unnið er á 50-100m kafla í einu og þannig mun ónæði eða rask standa yfir í stuttan tíma á hverju svæði fyrir sig. Nánari upplýsingar upplýsingar um steypta rörastokka eru í viðauka 1. Partur 7 (sjá mynd 2) er eini hluti framkvæmdar þar sem verður lagður hefðbundinn strengskurður og verður hann um 260cm á breidd og 147 á dýpt. Í næstu köflum verður fjallað stuttlega um áformaðar framkvæmdir.

#### **4.1.1 Háspennustrengur 132 kV frá Glæsibæ að aðveitustöð við Sægarða 1**

Háspennustrengur á 132kV spennu verður lagður frá Glæsibæ við gatnamót Suðurlandsbrautar og Grensásvegar, um Holtaveg og nýrri aðveitustöð (A13) að Sægörðum 1. Strengurinn verður tengdur á núverandi flutningskerfi (A8-A3) sem liggur frá Korpu að Borgartúni (sjá mynd 2). Strengurinn er lagður frá Suðurlandsbraut um Engjaveg, inn á Holtaveg, undir Sæbraut og inn að Sægörðum 1. Hluti leiðarinnar um Holtaveg og að Sægörðum (partur 5 og 6) verður tengdur með umræddum steyptum rörastokkum en frá Glæsibæ að Holtavegi (partur 7) verður lagður hefðbundinn skurður (sjá mynd 2). Taka skal fram að enginn mokstur fer fram yfir Sæbraut, þar sem tengt verður inn á rör sem eru til staðar undir Sæbraut. Heildarvegalengd jarðstrengs um 1,2 km.

Tengingin er hluti af áfanga 1 í framkvæmdum og sem áætlað er að fari af stað vorið 2025 (sjá viðauka 2). Með framkvæmdinni tengist aðveitustöð við Sægarða við núverandi flutningskerfi. Mynd 2 sýnir lagnaleiðina frá Glæsibæ að Sægörðum 1.




**Mynd 2. Lagnaleið háspennustrengs frá Glæsibær að A13**

#### **4.1.2. Aðveitustöð við Sægarða 1**

Aðveitustöð við Sægarða 1 (A13) mun tengjast inn á núverandi flutningskerfi með lagningu jarðstrengjanna tveggja, annars vegar um háspennustreng 132kV við Glæsibær og hins vegar um aðveitustöð (A3) í Borgartúni. Deiliskipulag á svæðinu heimilar bygginguna en framkvæmd er háð byggingarleyfi, framkvæmdarleyfi og lóðaleigusamning um lóðina. Á umræddu svæði innan Sundahafnar (H4) er heimilt að vera með iðnaðarstarfsemi (sbr. landnotkunarflokkurinn iðnaðarsvæði) samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi. Veitir áætla að verklok verði fyrir lok ársins 2026 (sjá nánari upplýsingar í viðauka 1).

#### **4.1.3. Steyptir rörastokkar frá aðveitustöð í Borgartúni að Sægörðum**

Lagðir verða steyptir rörastokkar í jörðu frá aðveitustöð (A3) í Borgartúni að aðveitustöð (A13) við Sægarða. Lagnaleiðin er að mestu leyti hluti af áfanga 2 hjá Veitum sem verður framkvæmd sumarið 2026 (sjá mynd 3). Heildarlengd jarðstrengs er áætluð um 3 km. Ólíkt stokknum frá Glæsibær að Sægörðum verður ekki háspennustrengur dreginn í gegnum þennan stokk að þessu sinni, heldur verður hann geymdur og verður dreginn í gegn í framtíðinni. Þegar hann verður lagður verður háspennustrengurinn 132kV. Ekki liggr fyrir á þessu stigi hvenær strengurinn verður lagður í gegn.




**Mynd 3. Lagnaleið háspennustrengs frá aðveitustöð A13 í Borgartúni að A13**

## 4. Breytingartillaga

Breytingartillaga felur í sér að tengja aðveitustöð við Sægarða 1, inn á núverandi flutningskerfi raforku í Reykjavík. Lagt er til að eftirfarandi breytingar verðar gerðar á þemakorti 16a bls. 118 í greinargerð AR2040 (sjá mynd 4) og samhljóða breytingar verðar gerðar á þéttbýlisupprætti sbr. framsetning í staðfestu aðalskipulagi:

1. Háspennustrengur með 132 kV spennu tengist núverandi flutningskerfi við Glæsibæ og að aðveitustöð við Sægarða.\*
2. Lagning rörastokka í jörðu fyrir háspennustreng með 132kV spennu frá aðveitustöð í Borgartúni að aðveitustöð við Sægarða, en strengurinn verður dreginn í stokk í framtíðinni.\*
3. Auðkenna aðveitustöð A13, sbr. gildandi deiliskipulag á hafnarsvæði H4.


\*Taka skal fram að lega háspennustrengja er ekki bindandi um hvoru megin götu lagnakerfið liggur og almennt ekki er um nákvæma bindandi legu stofnlagnar að ræða, sem er ákveðin nánar við útgáfu framkvæmdarleyfis og/eða gerð deiliskipulags.




Mynd 4. Yfirlit yfir legu nýrra háspennulagna í samhengi við núverandi kerfi. Fyrirhugaðar breytingar á stofnkerfi rafveitu eru sýndar innan rammans (sbr. mynd 16a, AR2040, bls. 118).

Hér að neðan eru tillögur að breytingum á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040.

Fyrir (mkv. 1:20.000):



Eftir (mkv. 1:20.000):



**Viðauki 1. Minnisblað frá Veitum**

**Aðveitustöð A13 við Sægarða 1 - Lýsing á framkvæmd**

## MINNISBLAÐ

*Viðtakandi:* Haraldur Sigurðsson - Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar

*Sendandi:* Ragnar Örn Davíðsson – Veitur

*Dagsetning:* 11.02.2025

*Efni:* Aðveitustöð A13 við Sægarða 1 – Lýsing á framkvæmd

---

Fyrirséð er töluverð aukning í orkunotkun á veitusvæði Veitna, en skýrist það fyrst og fremst af orkuskiptum í samgöngum en einnig metnaðarfullum áformum um uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu til að mæta fyrirséðri fólksfjölgun. Það er ljóst að Veitur þurfa að styrkja flutnings- og dreifikerfið umtalsvert til að mæta þessari auknu eftirspurn og leggja því til að fyrsta stóra skrefið verði bygging nýrrar aðveitustöðvar A13 við Sægarða 1. Veitur hafa nú þegar undirritað samning við Faxaflóahafnir um háspennta heimtaug, allt að 16 MW, sem nota á fyrir landtengingu skemmtiferðaskipa. Mun landtengingin draga verulega úr mengun frá skemmtiferðaskipum auk þess að minnka notkun á jarðefnaeldsneyti.

Aðveitustöðin verður tengd inn á núverandi 132 kV flutningsgkerfi með tveimur jarðstrengjum, sá fyrri mun tengast inn á núverandi 132 kV streng við Glæsibæ og dreginn í steypтан rörastokk sem lagður verður í Holtaveg að Sæbraut, undir Sæbraut í rörum sem lögð voru undir veginn árið 2021, og að aðveitustöðinni við Sægarða 1. Frá Aðveitustöðinni verður lagður steypur rörastokkur um Vatnagarða, upp Sundagarða, og svo meðfram Sæbraut að Aðveitustöð 3 við Borgartún 38. Myndin hér að neðan sýnir "pylsumynd" af umræddum strengjum (fjólubláar brotalínur).

Þegar lagðir eru jarðstrengir á svo hárri spennu, 132 kV, fylgir því oft mikið rask þar sem reynt er að hafa eins fáar samsetningar á strengnum og hægt er til að minnka líkur á bilinum. Það þýðir að athafnarsvæðið er langt, allt að 1.100 metrar í einu eins og í tilfelli Veitna í Holtavegi. Veitur mátu það sem svo að ómögulegt væri að loka Holtavegi í heild sinni í marga vikur/mánuði og því var valin síðu leið að leggja steypa rörastokka þar sem mun minna svæði er undir hverju sinni, 100-300m í einu.

## Húsbygging:

Um 1.200m<sup>2</sup> bygging verður reist í Sægörðum eitt. Deiliskipulagið á svæðinu er tilbúið fyrir húsið og aðeins á eftir að sækja um byggingarleyfi og gera lóðaleigusamning um lóðina. Sótt verður um byggingarleyfið þegar verktaki hefur verið ráðin í verkið og lóðarleigusamningur gerður þegar sökklar hafa verið steyptir.



Þrívíddarmynd af húsi – T.Ark


## Gróf tímalína verkefnis:

- Rýni fyrir útboð - áætluð lok 10.feb 2025
- Útboð 14.feb -14.mars 2025
- Upphaf framkvæmdar apríl -maí 2025
- Verklok nónember 2026

Þegar verktaki hefur fengið verkið mun hann skila nákvæmri verkáætlun til Veitna og því gæti tímalína tekið breytingum. Verklokum er ekki hægt að breyta og verða að óbreyttu í nónember 2026.

## Steyptir rörastokkar (SRS)

Veitur ætla að nota nýja aðferð við að leggja háspennustrengi innan Höfuðborgarsvæðisins til að tengja Aðveitustöð 13 við núverandi flutningskerfi. Lagðir verða steyptir rörastokkar (SRS) í götu og háspennustrengirnir svo dregnir í rörin seinna. Mynd 2 sýnir uppbyggingu á dæmigerðum rörastokki:



Mynd 2 – SRS stokkar

Margir kostir fylgja því að leggja rörastokka samanborið við að leggja strengi á hefðbundinn hátt í skurð og má þá helst nefna:

- SRS tekur allt að 70% minna svæði, hefðbundinn strengskurður sem er 260cm á breidd og 147cm á dýpt er einungis 124cm á breidd og 65cm á dýpt fyrir SRS stokk.
- Hægt að draga strengi í eftir á og því hægt að búa til lagnaleiðina fyrst.
- Lítið athafnarsvæði undir í einu, 50-100m, samanborið við mörg hundruð metra fyrir venjulegan strengskurð
- Lítill tilkostnaður að hafa auka rör í stokki sem hægt er að nýta í framtíðinni ef leggja þarf fleiri strengi. Þverun á stofnbrautum bara gerð einu sinni, nóg af auka rörum fyrir framtíðina.


## Jarðstrengslagnir að og frá Aðveitustöð 13:

Fyrri tengingin, áfangi 1, verður lögð frá Glæsibær að Aðveitustöð 13 um Holtaveg. Lagt er upp með að framkvæmdin fari af stað vorið í apríl 2025. Fyrst verður byrjað á að leggja lagnastokkinn en 132 kV strengirnir verða svo dregnir í hann síðla árs 2026 og fram á árið 2027. Mynd 3 sýnir lagnaleiðina frá Glæsibær að A13:




Mynd 3 – Lagnaleið frá Glæsibær að A13

## Tímaáætlun áfanga 1



Áfangi tvö er að leggja SRS stokka frá A13 að A3 um Vatnagarða og svo meðfram Sæbraut. Mynd 4 sýnir lagnaleiðina:



*Mynd 4 – Áfangi 2 lagnaleið frá A13 að A3*

Eins og í áfanga 1 þá er lagnaleiðin búin til fyrst og jarðstrengir svo dregnir í stokkinn eftir á.

## **Samantekt**

Eins og fram hefur komið í samskiptum Veitna og Skipulags Reykjavíkurborgar þá meta Veitur sem svo að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á landnotkun í borgarlandi þar sem strengstokkar munu liggja í götu mest alla leið milli aðveitustöðva og því ekki verið að fara inn á ósnortin svæði né að breyta notkun þeirra.


Eins og fram hefur komið þá verða lagnaleiðir búnar til fyrst, þ.e. steyptir rörastokkar lagðir að og frá Aðveitustöð 13, og háspennustrengir svo dregnir í stokkinn á árunum 2026 og 2027.

Veitur telja að notkun SRS stokka muni hafa mjög jákvæð áhrif á framkvæmdasvæðin þar sem lágmarks rask verður við lagningu þeirra. Einnig verður truflun við íbúa á framkvæmdatíma lítil þar sem aðeins verður unnið á 50-100m löngum kafla í einu og mokað yfir aftur um leið og steypan er hörðnuð (2+ dagar).

## Viðauki 2. Áfangaskipting og tímalína framkvæmda

Framkvæmdir eru áætlaðar frá vor 2025 til sumars 2027 og er þeim áfangaskipt eftir svæðum. Áfangi 1 hefst vorið 2025 á lagningu SRS rörastökka á parti 2 og þar á eftir parti 5 og 6. Áfangi 2 fer fram sumarið 2026 með lagningu SRS rörastökka á parti 1, 3 og 4. Við áfanga 3 verður partur 7 lagður með hefðbundnum skurð og verða þá háspennustrengirnir dregnir frá Glæsibær að Sægarði 1, auk jarðvinnu og frágangi við samsetningarholur strengja. Þar með verður aðveisitstöð A13 tengd inn á núverandi flutningskerfi. Sjá má áfangaskiptingu framkvæmda á mynd 6.

Taka skal fram að lega háspennustrengja er ekki bindandi um hvoru megin götu lagnakerfið liggur og almennt ekki er um nákvæma bindandi legu stofnlagnar að ræða, sem er ákveðin við útgáfu framkvæmdarleyfis og/eða gerð deiliskipulags.



Mynd 5. Heildarsýn á lagnaleiðir og áfangaskipting framkvæmda



**Reykjavík**

Umhverfis- og  
skipulagssvið